



# Hjálparsveitin **DALBJÖRG**

Útg. og ábm.: Hjálparsveitin Dalbjörg • 1. tbl. 16. árg. • Desember 2016



*Gleðilegt ár!*



# Unglingadeildin 2015-2016

Nú er komið að hinni árlegu útgáfu Dalbjargarblaðsins en þetta er í 16. skiptið sem það er gefið út – fyrst árið 2001. Við ákváðum að breyta til frá hinum hefðbundna leiðara og nú eru það umsjónarmenn Unglingadeildarinnar Bangsa sem eiga fyrstu orðin.

Unglingadeildin Bangsar hefur verið starfandi hjá Hjálparseitin Dalbjörg síðan árið 2005. Krakkarnir sem starfa með unglingsdeildinni hverju sinni hefja starfið þegar þau eru í 10. bekk Hrafnagilsskóla. Þau sem nú eru starfandi, um 10 krakkar, komu í hópinn í nóvember 2015 og mun nýr hópur síðan bætast við nú eftir áramótin. Að starfinu loknu eiga þau þess kost að mæta á almenna fundi hjá Dalbjörg.

Starfið hefst jafnan með þeim hætti að krökkunum er boðið í Dalborg og starfið okkar kynnt fyrir þeim, sem og tæki og búnaður. Starfið með þennan hóp hefur verið mjög fjölbreytt. Við fórum yfir nokkra þætti björgunarstarfsins með þeim t.d. skyndihjálparferðamennsku og rötun. Við fengum Inga til að koma og segja krökkunum frá málum og verkefnum svæðisstjórnar og fara yfir talstöðvar og fjarskiptamál. Kristján kom einnig og fór yfir snjóflóðfræðslu með krökkunum, sýndi þeim verkfæri sem notuð eru í snjóflóðleitum og tók stutta æfingu með þeim.

Krakkarnir hafa staðið sig vel í fjáröflunum, meðal annars flokkuðu þau dósir og héldu kaffisölu á föstudeginum langa. Þau voru einnig virk í að taka þátt í æfingum, eins og í hópsslysaæfingu í apríl og leitarhundaaefingu, þar sem þau léku sjúklunga á báðum æfingum.

Það var líka gert ýmislegt annað skemmtilegt, meðal annars fórum við í klifurvegginn hjá Súlum, björgunarsveitinni á Akureyri og út að borða á Greifann. Við fórum líka í heimsókn á Slökkvistöðina þar sem góðir menn tóku á móti okkur, fóru yfir búnað og tæki og sögðu okkur frá starfi sjúkraflutninga- og slökkviliðsmanna.

Unglingadeildin Dasar á Dalvík bauð okkur líka að koma í heimsókn til sín þar sem þau voru búin að setja upp allskonar skemmtilegar



Meðlimir unglingsdeildar á leitarhundaaefingu í apríl 2016.



Saman á Greifanum.

æfingar. Þegar við komum á staðinn var krökkunum skipt í tvo hópa. Annar hópurinn fór að síga fram af gámum og hinn klæddi sig upp í flotgalla og fékk að fara smá hring í höfninni á gúmmibát, við mikla gleði krakkanna. Einnig var farið í jeppaferð í Réttartorfu, skála Eyjafjarðardeildar F4x4. Farið var af stað á föstudegi, laugardagurinn notaður til að skoða svæðið og komið heim á laugardagskvöldi. Þá fórum við líka á miðnæturmót í Vatnaskógi í nóvember sem við segjum nánar frá hér á næstu síðum. Einnig fóru umsjónarmennirnir

þrír, Bjarney, Íris og Ólína, á landsfund umsjónarmanna unglingsdeilda sem haldinn var á Akureyri 23.-25. september sl.

Þetta er flottur hópur með kraftmiklum og áhugasömum krökkum og við hlökkum til að sjá þau þróast í starfi björgunarsveitamanns.

Með kveðju um gleðileg jól og farsælt nýtt ár.

Bjarney Guðbjörnsdóttir,  
Íris Björk Ágústsdóttir  
Ólína Rut Rögnvaldsdóttir  
umsjónarmenn



Frá jeppaferð unglingsdeildarinnar 2016.



Hóprmynd í jeppaferð unglingsdeildar 2016.



Heimsókn í klifurvegg Súlna á Akureyri.





Bátaferð á Dalvík.

Við óskum sjálfboðaliðum í Hjálparsveitinni Dalbjörg, öðrum björgunarsveitum og landsmönnum öllum, gleðilegra jóla og þökkum ánægjuleg samskipti á árinu.

PACTA  
LÖGMENN

PACTA Lögmenn . Hafnarstræti 91-95 . 600 Akureyri . Sími: 440 7900 . Fax: 440 7901





# Miðnæturmót í Vatnaskógi

Í Vatnaskógi í Hvalfirði er árlega haldið miðnæturíþróttamót fyrir unglingsdeildir Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Við höfum ekki sent áður krakka frá okkar unglingsdeild á mótið, þar sem oftast hefur unglingsstarfinu lokið eftir einn vetur og nýir krakkar koma ekki inn í starfið fyrr en eftir að mótið er búið. Í ár ákváðum við að halda starfinu áfram út árið og prófa taka þátt í þessu móti.

Mótið var haldið 11.-12. nóvember sl. og fóru Íris og Ólína, umsjónarmenn, með þrjá unglingsmenn. Við komum á staðinn klukkan rúmlega 7 á föstudagskvöldi og þá var byrjað á því að borða og koma sér fyrir í herbergjum. Eftir það hófst mótið. Mótið stóð yfir til 4 um nóttina eða þangað til krakkarnir vildu fara



Fjör á miðnæturmóti.



Umsjónarmennirnir Íris og Bjarney.

sofa. Það var keppt í allskonar greinum, til dæmis eggjaboðhlaupi, gossmakki, hnútum, limbó og miklu fleira. Keppnin er sett upp sem einstaklings keppni til að safna stigum, en þau eru svo tekin saman eftir keppnina og hver deild fær þá stig fyrir það sem unglingsmenn gera. Í öllum þrautum fengu aðilar stig fyrir að taka þátt og svo voru oft aukastig fyrir að annað hvort geta allt rétt í þrautinni eða fyrir besta tímann. Umsjónarmenn gátu líka tekið þátt og það var sérstök keppni á milli þeirra. Það var tekin smá pása á keppninni fyrir

hressingu og kvöldvökuna, en þar voru sýnd skemmtiatriði þar sem unglingsmenn eða umsjónarmenn sýndu hæfileika sína. Þá var sungið saman og haldið uppi almennu fjöri til að hrista hópinn saman.

Þetta var mjög skemmtilegt og er stefnan klárlega að fara aftur á næsta ári og reyna koma með báða bikarana heim.

Íris Björk Ágústsdóttir  
Ólína Rut Rögnvaldsdóttir  
umsjónarmenn

Sendum Eyfirðingum  
okkar bestu jóla- og nýárskveðjur  
með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

 Garðsbúið ehf. Eyjafjarðarsveit



*Bústólpi framleiðir fóður fyrir nautgripi, sauðfé, svín, hross, varp- og alifugla.*

*Auk þess býður Bústólpi til sölu úrval af áburði, sáðvöru og öðrum vörum tengdum fóðrun og jarðrækt.*

Bústólpi ehf · Oddeyrtanga · 600 Akureyri · Sími 460 3350 · [www.bustolpi.is](http://www.bustolpi.is)

Bestu óskir um gleðileg jól  
og farsælt nýtt ár

**MALBIKUN  
KM**

Símar: 848-9114 - 862-8833 - 895-3883 | [malbikun@simnet.is](mailto:malbikun@simnet.is) | [www.malbikun.is](http://www.malbikun.is)

**Parketslípun  
og lagning**

**Nýsmíði  
og viðhald**



**ÁK SMÍÐI**







Úr stórferðinni 2015, við Holuhraun.

(Lón Ólafur Jónsson)

## Stórferð Dalbjargar

Dagana 4.-6. mars var farið í Stóru Dalbjargarferðina og var stefnan tekin í vesturátt þetta árið. Lagt var af stað frá Dalborg klukkan 17:00 að staðartíma. Ekið var eftir þjóðvegi 1 þar til tekin var vinstribeygja og ekið inn Blöndudalinn. Keyrt var fram dalinn að austanverðu og upp á Eyvindarstaðaheidi og eftir henni inn í Galtará. Þaðan var stefnan tekin í Ströngukvíslarskála þar sem var gjst báðar næturnar.

Á laugardeginum var gáð til veðurs og stefnan tekin eftir því. Byrjað var á að koma við Hveravöllum og fórum þaðan yfir svokallaðan

Þröskuld í Þjófadali og síðan í Þverbrekknaskála þar sem við fórum inn og skrifuðum í gestabókina. Þaðan var stefnan tekin í Árbúðir og síðan tekin vinkilbeygja í Hvítárnesi. Úr Hvítárnesi var keyrt inn á Kjalveg og eftir honum í Kerlingarfjöll. Þar var stoppað og nestið borðað. Í Kerlingarfjöllum hittum við meðlimi úr Björgunarsveit Akraness en þau voru í æfingarferð. Úr Kerlingarfjöllum var svo tekin bein stefna í Hveravelli, þar var gerð tilraun til að fara í það en flestir enduðu á því að baða sig í affallinu af lauginni, þar sem laugin var við suðumark. Þegar allir

voru klárir var farið aftur í Ströngukvíslarskála þar sem var eldaður kvöldmatur í boði ferðanefndar svo enginn færi nú svangur að sofa.

Á sunnudeginum var stefnan tekin heim með viðkomu í Bugaskála og Galtará. Þaðan var síðan ekið í Dalborg eftir sömu leið og komið var á föstudegi.

Takk fyrir okkur.

Ingi Guðmundsson  
Hreiðar Fannar Víðisson



# MOTUL



Motul á Íslandi og Arctic Sport þakka fyrir viðskiptin á árinu.





# Landsæfing

## – í Möðrudal 5. september 1987

Góðir lesendur. Að þessu sinni ætla ég að rifja upp eina gamla sögu, en eins og fyrirögnin bendir til þá er það landsæfing sem var á vegum gamla LHS, Landssambands Hjálparseita skáta. Á þessum tíma var Hjálparseitin Dalbjörg ekki nema um fjögurra ára gömul. Félagar voru svosem búnir að taka ýmis námskeið, en lítið hafði verið um samæfingar. Allavega fór þetta þannig að við vorum tveir frá Dalbjörg sem sýndum þessari æfingu áhuga; undirritaður og Jóhannes Reykjálín. Við fengum lánuð fjórhjól til fararinnar, annars vegar hjá Hlyni bónda á Akri og hins vegar hjá Kristjáni sem þá var bóndi í Fellshlíð. Hnýttum við nú hjól okkar upp á kerru aftan í Subarúinn hans Jóa með nesti bæði fyrir okkur og hjólin og lögðum af stað austur í Möðrudal eftir fjóstíma á föstudagskvöldi. Er við komum austur var kominn slatti af mannskap og tækjum á svæðið. Eitthvað var spjallað, spáð og spekúlerað fram eftir nóttu.

Snemma á laugardagsmorgni var ræsing. Það var ágætt veður, skýjað en þurr og ekki mjög kalt. Fór það svo þannig að við Jói lentum með félögum úr tveimur öðrum sveitum í verkefni sem var leit að týndu göngufólki upp af Víðidal eða meðfram Víðidalsá, kringum Rauðanúp niður undir Ófærugil og að Biskupshálsi. Þarna fengum við að þeysast um allt á vél-fákunum og að vissu leyti kynntist maður þessum slóðum algjörlega upp á nýtt. Við skulum ekki gleyma því að þarna var GPS kerfið ekki til, bara gamli góði áttavitinn. Tetra kerfið var heldur ekki til eða hlustun upp í eyra, hvað þá GSM símar. Meira að segja gamla NMT farsímakerfið var bara árgamalt – já það hefur ansi margt breyst síðan þá og tækninni fleygt fram, sem er vissulega af hinu góða. En einhvernveginn komumst við nú samt af, því að sjálfsgöðu vorum við með þau tæki og tól sem voru talin best á þessum tíma. Mig minnir að loftnetin á VHF talstöðvunum hafi verið um 60 cm löng til dæmis. Óneitanlega reikaði hugurinn til þeirra hraustmenna sem glímdu við Öraefin til forna, vopnaðir ullarbrókum, sauðskinnsskóm og broddstaf. Þeir hafa ekki alltaf verið öfundsverðir í allri þeirri víðáttu sem er á þessum slóðum.

Allur dagurinn fór í akstur um þetta svæði og svona í minningunni var þetta bara gaman. Í eitt skiptið mátti þó litlu muna að illa færi hjá mér. Þá keyrði ég niður afliðandi brekku og upp hinu megin en áttaði mig allt í einu á því að þar var um 40 metra hengiflug beint ofan í Jökulsá á Fjöllum. Það slapp sem betur fer. Eftir úrlausn þriggja verkefna var dagur kominn að kvöldi og öllum mannskapnum stefnt í Möðrudal í mat, sem að sjálfsgöðu smakkaðist vel eftir brauðskorpur dagsnestsins. Héldu allir að nú væri æfingin búin, en nei – eftir matinn kom stóra höggið.

Tilkynnt var um jarðskjálfta í byggðinni í Reykjahlíð og allir áttu að drífa sig þangað. Tók nú við akstur niður í Mývatnssveit og er við komum þangað voru klár verkefni um allt þorp þar sem átti að hafa orðið jarðskjálfti. Verkefnið var að finna fólk, ýmist í rústum heimila eða flytja íbúa í fjölda-

hjálparmiðstöð í skólanum. Gekk þetta bara nokkuð vel og var frábært að sjá hvernig heimafolk lék með í þessu, en við fórum inn á heimili fólks að leita og flytja það burtu. Dagurinn endaði síðan með smá spjalli um þetta allt saman áður en hópurinn hélt heim á leið.

Ég hef farið á nokkrar svona æfingar í gegnum árin og ég fullyrði að alltaf er þetta jafn gaman, að sjá annarra sveita tæki og tól, mannskapinn, vinna saman, leysa ýmis verkefni og sjá hvernig aðrir gera hlutina. Ég hvet alla unga björgunarsveitamenn og konur að sleppa ekki tækifæri til þess að fara á Landsæfingar og aðrar samæfingar.

Ég vona að einhver hafi haft gaman af lestrinum og óska ykkur öllum árs og friðar.

Ingvar Þ. Ingólfsson.



Landsæfing á Ísafirði 2011.

(Haraldur Þór Óskarsson)



Landsæfing á Ísafirði 2011.

(Haraldur Þór Óskarsson)



Bestu óskir um  
gleðileg jól  
og farsælt nýtt ár



**HÚSASMÍÐJAN**  
Lónsbakka · Sími 460 3500 · husa.is





## Sérsmíðum innréttingar og innihurðir

Teiknum og gerum verðtilboð



Njarðarnesi 14 603 Akureyri - sími 460-6100  
fax 460-6101 - [www.ssbyggir.is](http://www.ssbyggir.is) - [harpa@tak.is](mailto:harpa@tak.is)



*Bestu óskir um gleðileg jól  
og farsælt  
nýtt ár!*



Óseyri 2 • 603 Akureyri  
Sími 462 5700 • Fax 462 5701



**VÍS**

**VÍS óskar landsmönnum  
gleðilegra jóla**



# Útköll og aðstoðarbeiðnir

## 30. janúar

Aðstoðarbeiðni barst vegna ökumanns í Eyjafjarðarsveit sem hafði misst bíl sinn út af vegi við afleggjara að sumarbústað. Tveir félagar fóru á Dalbjörg 2 og náðu bílnum upp á veginn.

## 2. apríl

Um hádegi þennan dag, eða um 11:30, barst Hjálparsveitinni Dalbjörg aðstoðarbeiðni frá skíðagöngufólki á Glerárdal. Um var að ræða sjö konur sem farið höfðu upp Glerárdalinn og voru á leið niður aftur þegar þær lentu í slæmu skyggni og treystu sér ekki lengra, en allar voru þær við góða heilsu. Þær sneru við í skálann Lamba og þrátt fyrir stopult símasamband gátu þær hringt til byggða og óskað eftir aðstoð til að komast heim á leið.

Tveir sleðamenn, Arnar og Hlynur, lögðu af stað á tveimur sleðum sveitarinnar um kl. 12:30 og voru komnir í skálann um kl. 14:00. Þeir höfðu þá þegar farið og gert slóðir frá Lamba og yfir Lambárgil, þar sem komið er að stikaðri leið. Þeir héldu þá í skálann og ræddu við konurnar sem voru ferðbúnar og biðu aðstoðarmannanna. Skyggni og veður var orðið gott á þessum tíma og konurnar eltu sleðaslóðirnar yfir gilið og héldu síðan heim á leið eftir stikuðu leiðinni af sjálfsdáðum. Þær voru komnar til byggða um kl. 18:00.

## 13. apríl

Tveir félagar fóru á sleðum fram Finnastaðadal og drógu þaðan vélarvana sleða til byggða. Ferðin gekk vel og var síðan tekin sleðaæfing í framhaldi af verkefninu.

## 24. júní

Föstudaginn 24. júní um kl. 20:30 barst útkall vegna leitar að manni á Akureyri. Frá Dalbjörg fóru af stað 6 manns á tveimur bílum, auk þess sem einn var í svæðisstjórn. Maðurinn fannst rúmum sólarhring síðar.

## 2. júlí

Upp úr kl. 18:00 barst útkall vegna týnds göngumanns í Þorvaldsdal, en hann hafði tekið



Ingi á hlaupum.

(Haraldur Þór Óskarsson)

þátt í Þorvaldsdalsskokkinu þennan dag og villst af leið. Frá Dalbjörg tóku 8 manns þátt í aðgerðinni, þar af einn í svæðisstjórn. Leitin gekk vel og fannst maðurinn um kl. 21, heill á húfi.

## 26. júlí

Aðstoðarbeiðni barst vegna tveggja ferðamanna sem velt höfðu bifreið sinni við um 20 km ofan við Mýri í Bárðardal. Dalbjargarfélagar voru á ferð á Sprengisandi og voru því kallaðir til aðstoðar. Fólkið virtist ekki slasað við skoðun, en ekið var með þau á móts við sjúkrabíl sem kom frá Húsavík og flutti þau til Akureyrar.

## 31. júlí

Lögreglan hafði samband við svæðisstjórn á svæði 11 og óskaði eftir að farið yrði til aðstoðar mönnum sem höfðu fest bíl sinn í Djúpadalsá. Mennirnir höfðu komist sjálfir úr bílnum en bíllinn sat eftir í ánni. Tveir félagar Dalbjargar fóru á einum bíl til aðstoðar mönnum, en þeir voru heilir á húfi. Bifreiðin var ökufær þegar búíð var að ná henni upp úr ánni og allir komust til síns heima.

## 7. ágúst

Útkall barst um kl. 02:00 aðfararnótt 7. ágúst. Um var að ræða leit í Svarfaðardalsá þar sem talið var að maður hefði fallið í ána. Frá

Dalbjörg fóru fimm félagar af stað en aðgerðin var afturkölluð um klukkustund eftir boðun.

## 27. ágúst

Aðstoðarbeiðni barst þar sem fjórir ferðamenn voru í vandræðum norðan við Bergvatnsvísl, en bíll þeirra var fastur. Tveir félagar Dalbjargar héldu til aðstoðar á Dalbjörg 2 um kl. 15:00 og komu aftur heim í hús um kl. 19.

## 20. -21. september

Hjálparsveitinni Dalbjörg barst útkall um kl. 20:00 þann 20. september, ásamt öðrum sveitum alls staðar af landinu. Boðunin var vegna leitar að manni á Patreksfirði, en hans hafði þá verið leitað þann sama dag án árangurs og þórf á frekari liðsauka frá fleiri björgunarsveitum. Frá Dalbjörg héldu sjö félagar af stað á tveimur bílum. Farið var af stað um kl. 23:00 og tóku félagar þátt í leitinni næsta morgun ásamt fjölmörgum öðrum leitarmönnum. Maðurinn fannst þann sama dag.

## 29. október

Þennan dag valt svokallaður Buggy bíll ofan Laugalands í Eyjafjarðarsveit með ökumann innanborðs. Óskað var eftir aðstoð og fóru fimm félagar á staðinn á báðum bílum sveitarinnar. Ökumaðurinn hlaut einhver meiðsli af byltunni. Honum var komið til aðstoðar og



*Bestu óskir um gleðileg jól  
og farsælt  
nýtt ár!*



**BB Byggingar ehf**  
Alhliða byggingaverktaki S: 862-3329 868-6422





Frá Hálandsvaktinni 2012, ferðamanni komið til aðstoðar.

(Haraldur Þór Óskarsson)

hann fluttur á slyshadeild Sjúkrahússins á Akureyri á öðrum bil sveitarinnar til aðhlyningar.

### 3. nóvember

Rétt um hádegi þennan dag fékk Dalbjörg útkallsbeiðni vegna fimm göngumanna í vand-ræðum, en þeir höfðu sent boð með neyðar-sendi. Fjórir félagar sveitarinnar fóru af stað til aðstoðar. Úr varð að þyrla Landhelgisgæslunnar sótti fólkið, en félagar Dalbjargar luku þó verk-efninu með því að sækja bilinn og flytja hann á lögreglustöð.

### 5. nóvember

Þennan dag barst Dalbjörg beiðni um að göngumönnum yrði ekið á Hólafjall vegna eftir-leitar á sauðfé og fór einn félagi á verkefnið á Dalbjörg 1.

### 6. nóvember

Tvö útköll bárust þennan dag. Annars vegar kom útkall vegna tveggja veiðimanna sem saknað var á Snæfellsnesi. Sú aðgerð var mjög umfangsmikill og höfðu verið kallaðar til björg-unarsveitir af öllu landinu til leitar þegar mennirnir höfðu verið týndir frá því deginum áður. Mennirnir fundust heilir á húfi sama dag.

Ekki var unnt að senda féлага vestur til leitar, en hins vegar barst annað útkall um kl. 18:30 vegna manns sem hafði lent í sjálfheldu við fossinn Míganda í Gunnólfsvíkurfjalli við eftirleit á sauðfé. Dalbjörg sendi þá fimm manns til aðstoðar í Gunnólfsvíkurfjall og héldu þeir af stað um kl. 20:30. Í þessa aðgerð voru einnig kallaðar til sveitir af fleiri svæðum, þar sem fjöldinn allur af björgunarsveitarfólki var við leit á Snæfellsnesi og því þörf á meiri mann-

skap. Notast þurfti við fjallabjörgunarbúnað til þess að koma mannum niður af fjallinu þar sem fjallið var snarbratt og aðstæður erfiðar. Aðgerðin gekk vel þrátt fyrir það og komust allir til síns heima heilu og höldnu. Félagar Dalbjargar voru komnir heim í hús um kl. 10 morguninn eftir.

### 18.-20. nóvember

Um kl. 21 föstudaginn 18. nóvember barst Hjálparsveitinni Dalbjörg útkall vegna leitar á Héraði. Um var að ræða rjúpnaskyttu sem orðið hafði viðskila við féлага sína þann sama dag og ekkert hafði spurst til hans. Átta félagar fóru til leitar frá Hjálparsveitinni Dalbjörg og lögðu af stað um kl. 22 á föstudagskvöld en komu til baka seinnipart laugardags eftir að hafa tekið þátt í leitinni. Leitinn hafði þá ekki borið árangur. Á sunnudagsmorgni var maðurinn enn ófundinn og fóru fjórir félagar frá Dalbjörg enn til leitar um kl. 7 að morgni sunnudagsins. Á leið þeirra austur bárust þær góðu fréttir að maðurinn hafði fundist heill á húfi. Þessi aðgerð var mjög umfangsmikil, en kallaðar voru til sveitir af öllu landinu til leitar.

### 22. nóvember

Þennan dag barst björgunarsveitum við Eyjafjörð útkall vegna leitar að manni sem var saknað og óskað eftir að grennslast væri fyrir um hann á Akureyri og í nágrenni bæjarins. Sex félagar sveitarinnar fóru til leitar á þremur bílum sveitarinnar ásamt því að einn var í svæðisstjórn. Eftir nokkra leit fannst bill mannsins og maðurinn einnig.

**Sendum Eyfirðingum okkar bestu jóla- og nýárskveðjur með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða**

**Starfsfólk Norðurorku**

*Es. farið varlega með flugelda og blýs um áramótin*

**NORÐURORKA**  
 Vatnsveita - Rafveita - Hitaveita - Fráveita



# FLUGELDAMARKAÐURINN HRAFNAGILSSKÓLA



## AFGREIÐSLUTÍMI:

28. desember kl. 13-22

29-30. desember kl. 10-22

31. desember kl. 9-16

5. janúar kl. 19-21

Flugeldasími: 863 1271



# Hjálparseitin DALBJÖRG





# Hautferð Dalbjargar 2016

Hautferðin er orðin fastur punktur í starfinu okkar. Í þessum ferðum gefst okkur kostur á að kynna betur innbyrðis og hrista hópinn saman fyrir starf vetrarins. Einnig kynnumst við því umhverfi sem við ferðumst á og hautferðin í ár var engin undantekning, en hún var farin dagana 21.-23. október. Við hittumst í Dalborg seinnipart föstudags og fórum af stað 16 manns á sex bílum. Við fórum sem leið lá upp úr Eyjafjarðardalnum inn á Dragaleið og þaðan inn á Sprengisand og í Versali.

Við gistum í Versölum báðar næturnar og var það mjög fínt. Þegar búið var að finna öll vasaljós og höfuðljós og ná að kveikja á gasinu til að hita upp kjúklingspasta handa hópnum þá var setið við kertaljós og spjallað fram á kvöld. Á laugardeginum keyrðum við yfir Þórisós og renndum síðan svokallaða Mánaleið niður í Veiðivötn og Landmannalaugar, en þangað var undirrituð til dæmis að koma í fyrsta skiptið. Veðrið var frekar grátt, þoka og rigningensamt mjög fallet í Landmannalaugum og gaman að koma þangað. Einnig fórum við og skoðuðum Landmannahelli og stilltum að sjálfsgöðu upp í hópmynd.

Á leiðinni til baka komum við við á Hálendis-miðstöðinni í Hrauneyjum og fengum okkur kaffi áður en haldið var aftur í Versali. Þegar í Versali var komið þá hófumst við handa við að



Hópurinn í Landmannahelli.

(Guðlaug Sigríður Tryggvadóttir)

grilla og græja kvöldmat, en það er orðin hálfgerð hefð í þessum ferðum að grilla lambalæri og kartöflur og hafa með því ferskt salat og piparostasósu. Það er hægur vandi að galdra fram góða máltíð á fjöllum þegar allir hjálpast að. Laugardagskvöldið var auðvitað jafn notalegt og föstudagskvöldið, spilað og spjallað við kertaljós fram á kvöld.

Á heimleiðinni keyrðum við Sprengisand og skoðuðum meðal annars Hágöngulón og keyrðum upp að Kistuölu og skoðuðum kross sem Ferðaklúbburinn 4x4 reisti þar árið 2010 til

minningar um ferðafrelsi á Íslandi, þegar bannað var að keyra um Vonarskarð. Einnig komum við við í Nýjadal og þaðan keyrðum við uppá Fjórðungsölduna sem var mjög gaman og flott útsýni þar uppi.

Við komum svo heim þreytt en sæl eftir góða ferð á sunnudagskvöldinu. Það verður að segjast að veðrið lék ekki beint við okkur í þessari ferð og var rigning og þoka eða lágskýjað allan tímann, en allir skemmtu sér mjög vel. Takk fyrir skemmtilega ferð félagar.

Guðlaug Sigríður Tryggvadóttir ( Gulla )

*Bestu óskir um  
gledileg jól  
og farsælt nýtt ár*



**Óðinsnes 2**  
**Sími 460 4800**



Úr hautferð 2015.

(Haraldur Þór Óskarsson)

*Bestu óskir um gledileg jól og farsælt nýtt ár*

**G. HJÁL MARSSON** HF  
**AKUREYRI**





# Öll þrif

fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili



Allar vörur til ræstinga, áhöld,  
hreinsiefni, pappír og plast

---

Frostagötu 4 C 603 Akureyri  
Símar: 461-5232 / 892-5232 / 865-8114 /  
865-2425 (vaktsími allan sólarhringinn)  
email [thrif@thrif.is](mailto:thrif@thrif.is) / [www.thrif.is](http://www.thrif.is)



# Hópslysæfing á svæði 11

Þann 30. apríl 2016 var haldin hópslysæfing að frumkvæði Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra og Almannavarnarnefndar Eyjafjarðar. Að æfingunni komu þátttakendur frá öllum viðbragðsaðilum á svæðinu, þ.e. almannavörnum, lögreglunni, björgunarsveitum á svæði 11, lands- og svæðisstjórn, Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK), ISAVIA, Landhelgisgæslunni, Rauða krossinum og slökkviliði og sjúkraflutningum. Í heildina voru það liðlega 170 manns sem komu að æfingunni, þar af 41 í hlutverki sjúklinga.

Slysavettvangurinn var við brúna yfir Þverá ytri í Eyjafjarðarsveit þar sem hópferðabíll og þrjár aðrir bílar höfðu lent í árekstri og hafnað utan vegar. Einn billinn staðnæmdest á brúarrekkerkinu með tvo farþega innanborðs. Annar billinn endaði hinu megin vegar með einum farþega þar sem kviknaði í bílnum. Sá þriðji hafnaði ofan í gílinu á hvolfi, í honum var einn maður. Hópferðabíllinn endaði einnig ofan í gílinu á hliðinni með 37 farþega innanborðs.

Það lá því nokkuð ljóst fyrir að þarna var um stórslys að ræða en þrjú ár eru liðin síðan viðbrögð við slíkum atburði hafa verið æfð sérstaklega á okkar svæði, það var í byrjun maí 2013 þegar haldin var flugslysæfing á vegum ISAVIA. Með auknum ferðamannaströum til landsins aukast líkurnar á að slys sem þetta eigi sér stað og því full þörf á æfingu sem þessari.

Við hópslys er búið að ákveða hvaða hlutverk hver viðbragðsaðili hefur. Þrjú sjúkratjöld voru reist á staðnum og var Rauði krossinn ásamt bráðateymi frá SAK með fólk í hverju þeirra. Á meðan lögreglan sá um umferðarlokanir sá slökkviliðið um að ná fólk úr farartækjunum sem og að slökkva elda sem loguðu. Björgunarsveitirnar sáu um að bera fólk í sjúkratjöldin þar sem ástand



Hluti hóps Dalbjargar á æfingunni.

(Ólafur Larsen Þórðarson)



Hluti hópsins á æfingunni; Þór, Freydis, Ólína, Jóhann, Jonni, Bjarney, Aðalsteinn, Íris og Friðrik. (Sunna Axelsdóttir)

*Bestu óskir um gleðileg jól  
og farsælt nýtt ár*



**SAMHERJI**



*Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári.  
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.  
Jólakveðjur — Starfsfólk Bakarísins við Brúna*



BAKARIÐ VIÐ BRÚNA

Opið virka daga frá kl. 7–18  
Um helgar kl. 7–16



þeirra var metið ásamt því að sinna öðrum tilfallandi verkefnum s.s. að finleita nánasta umhverfi.

Þegar hópslys verða eru sjúklingar flokkaðir í fjóra flokka með litakóða eftir alvarleika áverkanna. Flokkarnir eru:

- Grænn - lítilsháttar eymsli
- Gulur - alvarlega slasaður
- Rauður - lífshættulegt ástand
- Svartur - látinn

Allir hinna slösuðu voru fluttir á Sjúkrahúsið á Akureyri en í þessu tilviki slösuðust mun fleiri lífshættulega en SAK getur annað og því er brugðið á það ráð að nota húsnæði sem hentar hverju sinni sem bráðabirgða hjúkrunaraðstaða fyrir þá minna slösuðu. Í þessu tilviki var það húsnæði Verklemtaskólans á Akureyri sem var notað.

Æfing sem þessi er öllum holl sem að henni koma. Þá reynir á hvort starfshættir allra viðbragðsaðila séu eins og lagt er upp með og hvort tækni og búnaður sem treyst er á að virki sem skyldi. Það sem betur má fara er skráð og í framhaldinu eru gerðar ráðstafanir til að bæta úr því sem ástæða þykir til. Það eykur líkurnar á að viðbrögðin verði rétt og örugg þegar á reynir. Fólk áttar sig betur á því hvaða hlutverki það hefur að gegna og hvernig skuli bera sig að við svona aðstæður. Góð og almenn þátttaka var hjá okkar fólki sem hafði bæði gagn og gaman af en um 16 manns frá sveitinni tóku þátt. Nýliðar í Dalbjörg fengu að taka þátt í æfingunni og öðluðust þar dýrmæta reynslu.

Fríðrik Karlsson og Jón Ólafur



Hluti vettvangs.

(Ólafur Larsen Þórðarson)



Stefán og Aðalsteinn í verkefni. (Sunna Axelsdóttir)



Félagar við flutning slasaðra. (Ólafur Larsen Þórðarson)



**Búvís**  
**ÁBURÐUR**

[www.buvis.is](http://www.buvis.is)  
Verið velkomin á vefsíðu okkar

**TRAUST OG GÆDI  
VELDU BÆÐI**

*Gæða áburður*  
á *góðu* verði

**Búvís ehf.** | Akureyri | Sími 465 1332 | [www.buvis.is](http://www.buvis.is)



**Búvís**  
Akureyri



Jóhann leiðbeinir ferðamanni.

(Haraldur Þór Óskarsson)

## Hálendisvaktin 2016

Nú í sumar fóru meðlimir Dalbjargar af stað í sína elleftu hálendisvakt og að venju var tilhlökkunin mikil. Lagt var af stað þann 17. júlí,

fjórir félagar á tveimur bílum, en ferðinni var heitið inn að Öskju þar sem bækistöð okkar yrði næstu daga. Markmið okkar var að vera fyrsta

viðbragð ef eitthvað kæmi uppá og veita ferðalöngum á okkar svæði bæði fræðslu og leiðbeiningar.

*Bestu óskir um  
gledileg jól  
og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptinu  
á ljómu ári.*



**GREIFINN**  
RESTAURANT



www.greifinn.is | Sími: 460 1600



Rakað yfir hjólför utan vega.

(Haraldur Þór Óskarsson)



*Bestu óskir um  
gledileg jól  
og farsælt nýtt ár*

**Deloitte.**



Vikan var reyndar með rólegra móti, en við vorum reglulega á ferðinni. Við töluðum meðal annars við göngufólk og buðum því til dæmis að bæta á vatnsflöskur sem það hafði meðferðis en á þessu svæði eru margar leiðir sem erfitt getur verið að nálgast ferskvatn. Nokkrar aðstoðarbeiðnir komu um bíla í vandræðum en voru þau öll tengd bilunum eða tjóni. Árnar á svæðinu voru ekki til vandræða og jarðvegur almennt orðin þurr og var því ekkert um fasta bíla. Þrátt fyrir góðar aðstæður á vegum var frekar mikið um utanvegaakstur á svæðinu og buðumst við til að taka þátt í að raka yfir förin, en vanalega sinna landverðir á vegum Vatnajökulsþjóðgarðs þessu verkefni. Eitt kvöldið kom til okkar maður með snúinn ökkla og var

hann mjög bólginn þar sem hann sneri sig um morguninn og hafði gengið þó nokkuð eftir það. Fékk hann aðhlyningu og ráðleggingar um framhaldið og fór hann með bíl til byggða daginn eftir.

Eins og sjá má af þessari stuttu samantekt eru verkefni fjölbreytt og skemmtileg. Hálandisvakt Slysavarnafélagsins Landsbjargar er mikilvægt verkefni þar sem þátttakendur aðstoða og leiðbeina þúsundum ferðamanna á hverju einasta sumri og hefur fyrir löngu sannað gildi sitt.

Haraldur Þór Óskarsson  
Jóhann Jóhannesson



Viðgerðir í fullum gangi. (Haraldur Þór Óskarsson)



Dalbjörg 1 og 2 á ferðinni.

(Haraldur Þór Óskarsson)

Bestu óskir um *gleðileg jól*  
og farsælt nýtt ár

**lamb inn**

Öngulsstaðir

Bestu óskir um *gleðileg jól*  
og farsælt nýtt ár

**STEYPUSÖGUN NORDURLANDS**

**Sími 864 2530**



Bestu óskir um *gleðileg jól* og farsælt nýtt ár

**SPORTVER**



# Námskeið

Félagar Dalbjargar sóttu fjölmörg námskeið á árinu og erum við samkvæmt tölum frá Björgunarskólanum sem kynntar voru á fundi á Akureyri í mars, einna iðnasta sveitin við að halda námskeið, endurmennta fólkið okkar og sækja námskeið hjá okkar nágrennasveitum. Þetta er afar ánægjulegt að vita, þar sem við höfum undanfarin ár lagt mikla áherslu á menntun okkar björgunarfólks og greinilegt að það er að skila sér.

Allnokkur námskeið voru haldin hjá okkur á árinu, auk þess sem félagar eru duglegir að

sækja námskeið hjá nærliggjandi sveitum og nýta sér fjarnámskerfið. Félagar þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði, s.s. ljúka ákveðnum námskeiðum til þess að komast á útkallslista hjá okkur, enda er nauðsynlegt að björgunarfólk fái rétta þjálfun til þess að takast á við hinar ýmsu aðstæður í útköllum og aðstoðarbeiðnum.

Annar meðlima Dalbjargar í svæðisstjórn á svæði 11 sótti námskeið í aðgerðastjórnun á Hólum í Hjaltadal 19.-24. janúar. Vélsléðamaður 1 var haldið á Grenivík 31. janúar og sóttu það

þrjú félagar. Fjallamennska 1 var haldið helgina 12.-14. febrúar, leiðbeinandi var Rakel Ósk Snorradóttir og tóku fimm Dalbjargarfélagar það námskeið. Snjóflóð 1 og 2 var haldið dagana 26.-29. febrúar og fóru þangað nokkrir félagar, auk þess sem formaðurinn okkar, Kristján Hermann Tryggvason, var leiðbeinandi ásamt Antoni Berg Carrasco frá Súlum. Einn félagi ásamt leitarhundi stóðust C-próf í snjóflóðaleit í mars.

Vélsléðamaður 2 var haldið á Akureyri 8.-10. apríl og héldu þangað tveir félagar.



Fyrsta hjálp 1 í Dalborg, Ólína og Jonni.

(Stefán Magnús Jónsson)

Bestu óskir um **gleðileg jól**  
og farsælt nýtt ár

**Daglegt brauð**

Bestu óskir um **gleðileg jól**  
og farsælt nýtt ár

 **VÉLFANG**  
[www.velfang.is](http://www.velfang.is)



Bestu óskir um  
**gleðileg jól**  
og farsælt nýtt ár



Silva hráfæði ehf  
Syðra Laugalandi efra  
Eyjafjarðarsveit



Námskeiðið Ferðamennska og rötun var einnig haldið 8.-10. apríl og sóttu það fjórir félagar. Straumvatnsbjörgun 1 var haldið hjá okkur 20.-22. maí og sóttu það þrír félagar, auk félaga frá öðrum sveitum í kring. Þann 16. júní fóru nokkrir félagar á námskeið vegna Hálandisvaktarinnar. Leitartækni var haldið á Dalvík 2.-4. september og sóttu tveir félagar frá okkur það námskeið. Sex félagar fóru á námskeiðið Fyrstu hjálp 1 sem var haldið hjá okkur dagana 16.-18. september. Einn félagi sótti straumvatnsbjörgun 1 og 2 sem haldið var í lok september.

Einn félagi, Stefán Magnús Jónsson, fór á Wilderness EMT námskeið í Reykjavík í nóvember, en það er vikul langt námskeið. Hlaut hann með því réttindi til að nota sérstakar vinnureglur Landlæknis við sjúkraflutningar í óbyggðum.



Stefán á Wilderness EMT námskeiði.

(Stefán Magnús Jónsson)



Ragnar Ágúst og Davíð Almar á Fjallamennsku 1.  
(Guðlaug Sigríður Tryggvadóttir)



Ragnar Ágúst á námskeiðinu Fjallamennska 1.  
(Guðlaug Sigríður Tryggvadóttir)



Kátur snjóflóðaleiðbeinandi. (Jóhann Jóhannesson)

Sendum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum innilegar jóla- og nýárskveðjur

**JÖTUNN**  
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR



# Molar

## Viðburðir

Einn félagi sveitarinnar ásamt hundi tóku þátt í snjóflóðaleitaræfingum dagana 7. febrúar og 3. apríl. Á seinni æfingunni léku meðlimir unglingadeildarinnar einnig sjúklinga. Þann 13. febrúar var haldin snjóflóðaæfing í Hlíðarfjalli með viðbragðsaðilum á svæði 11 og fóru þrír félagar á þá æfingu.

Æfingaferðir voru nokkrar þetta árið bæði á bílum og sleðum, til dæmis var ein farin þann 16. janúar. Þá var farið í heimsókn á Ólafsfjörð og Siglufjörð 18. febrúar til að skoða tæki sveitanna þar.

Páskagangan okkar árlega var að venju á föstudaginn langa, þann 25. mars. Unglingadeildin Bangsar sá um bakstur ofan í göngufólkið eins og undanfarin ár.

Hópslysaæfing var á svæði 11 þann 30. apríl, en um hana er fjallað annars staðar í blaðinu. Í tengslum við æfinguna sóttu svæðisstjórnarmenn fundi og einnig sóttu aðrir félagar æfingu í bráðaflokkun. Meðlimir unglingadeild-

arinnar léku sjúklinga og mættu á fundi vegna þess.

Sumargleði var haldin þann 13. júlí og skemmtu allir sér vel sem þangað mættu.

Sumarhátíð var að venju á Melgerðismelum á sumardaginn fyrsta, þann 21. apríl og voru tækin okkar þar til sýnis.

Litlu-jólin voru síðan haldin þann 3. desember í Funaborg og tókust með mjög vel. Þátttakan var með besta móti og allir nutu matarins, sem var að sjálfsgöðu íslenskt lambakjöt.

## Fjáraflanir

Flugeldasalan var að venju í Hrafnagilsskóla og gekk hún vel að vanda.

Handverkshátíðin var haldin í Hrafnagilsskóla dagana 4.-7. ágúst, en undirbúningur Dalbjargarfélaganna hófst líkt og fyrri ár mun fyrr við uppsetningu skilta, tjalda, sýningarkerfis o.fl. Við sáum einnig um sjúkragæslu á opnunartíma hátíðarinnar og unnum ásamt fleirum

í grillveislunni, sem nú var haldin á föstudagskvöldi. Þegar hátíðinni lauk voru tjöld og sýningarkerfi tekin niður og gengið frá svæðinu.

Þá sinntu félagar gæslu á þorablóti í Eyjafjarðarsveit þann 30. janúar og á tjald-



Snjóflóðaæfing í Hlíðarfjalli 13. febrúar 2016.

(Hreiðar Fannar Viðisson)



Ferð í Laugarfelli, apríl 2016.



**Kælismiðjan Frost ehf.**

**Kælismiðjan Frost ehf.**  
Fjölningstötu 4b  
603 Akureyri  
Sími 464 9400  
Fax 464 9401  
frost@frost.is

**Kælismiðjan Frost ehf.**  
Lyngás 20  
210 Garðabæ  
Sími 464 9400  
Fax 464 9402  
www.frost.is

## Heildarlausnir fyrir smærri og stærri verkefni í kæliiðnaði:

### Frysti og kæligeymslur

Stálgrindarhús  
Veggeiningar  
Hurðir  
Frysti og kælikerfi

### Minni frysti og kæliklefar

Staðlaðir klefar frá 0,8 m<sup>2</sup>  
eða eftir máli.  
Sambyggð eða sjálfstæð frystikerfi

### Verslanir

Kæli og frystimublur  
Viðhalds og rekstrarþjónusta  
Vaktþjónusta 24/7

### Heilfrysting

Uppsjávar- eða bolfiskur  
Sjálfvirkir plötufrystar, lóðréttir og láréttir  
Frystikerfi

### Einangrun

Lagna, kúta  
Lesta og annarra rýma í skipum

### Ráðgjöf og þjónusta

Hönnun  
Bilanagreining og rekstrarráðgjöf  
Kælimiðlar



svæðinu við Hrafnagilsskóla á Bíladögum 15.-19. júní.

### Fundir, ráðstefnur o.fl.

Aðalfundur Hjálparveitarinnar Dalbjargar var haldinn þann 21. apríl í Dalborg. Stjórnarmenn eftir fundinn voru eftirfarandi: Kristján Hermann Tryggvason, formaður, Ingvar Þ. Ingólfsson, varaformaður, Sunna Axelsdóttir, ritari, Jóhannes Jakobsson, gjaldkeri og Stefán Magnús Jónsson, meðstjórnandi. Einnig var skipað í húsnefnd, en í henni eru Haraldur Þór Óskarsson, Friðrik Karlsson, Jóhann Jóhannesson og Davíð Víðisson.

Almennir fundir voru 11 talsins og stjórnarfundir einnig. Aðrir fundir voru haldnir eftir þörfum, s.s. í sleðahóp, tækjahóp og fjalla-björgunarhóp, auk þess sem haldin voru vinnukvöld eftir því sem þörf var á, hvort sem var í flokkunum eða almenn vinnukvöld. Sérstaklega voru mörg vinnukvöld haldin í sleðaflokk til þess að græja nýju sleðana og nýjan sleðabíl. Fundur um námskeiðsmál o.fl. var haldinn á Akureyri þann 15. mars og sóttu hann tveir stjórnarmenn. Formannafundur var þann 16. apríl á Egilsstöðum og fór Kristján á hann. Fundur vegna hálendisvaktar var haldinn 18. maí í Dalborg. Fulltrúaráðsfundur var haldinn í Reykjavík þann 19. nóvember og fóru Kristján og Ingi á þann fund. Þá sóttu tveir félagar, Ingi

og Jóhannes, einnig fundi svæðisstjórnar á svæði 11 auk þess sem þeir fóru á ráðstefnu í aðgerðastjórnun á Reykjum í Hrótafirði í febrúar. Sérstakur fatafundur var haldinn á Akureyri þann 30. september. Unglingadeildin Bangsar fundaði aðra hverja viku frá nóvember og fram á vor og hófu svo leikinn á ný um haustið. Umsjónarmenn unglíngadeildar sóttu Landsfund umsjónarmanna unglíngadeilda á Akureyri 23.-25. september.

Ráðstefnan Björgun 2016 var haldin dagana 14.-16. október í Hörpu og fóru þangað fáeinir félagar.

### Slysavarnir

Hin árlega reykskynjarayfirferð og sala Neyðarkallsins var dagana 3.-6. nóvember. Að þessu sinni var Neyðarkallinn „óveðurskall“. Við fengum góðar móttökur frá okkar sveitungum eins og endranær.

Farið var með endurskinsmerki í Hrafnagilsskóla og leikskólann Krummakot eins og undanfarin ár, enda nauðsynlegt að allir beri endurskinsmerki í skammdeginu.

Þá fóru nokkrir félagar frá okkur í Hálandisvakt Slysavarnafélagsins Landsbjargar, en umfjöllun er um þá ferð annars staðar í blaðinu.



Æfingaferð á Glerárdal, nýju sledarnir við Harðarvörðu á Hlíðarfjalli.

(Bjarki Jóhannsson)

## DALBJÖRG PAKKAR VEITTAN STUDNING



Njarðarnes 9 - 603 Akureyri  
Sími 412-0400 - Fax 412-0401



Plastás ehf  
Einangrunarplast



Óseyri 4 - Sími 462 7799

**BÍLVIRKNI** ehf.  
Goðanesi 8-10

**B** BLIKKRÁS EHF



*Bestu óskir um  
gleðileg jóla  
og farsælt nýtt ár*



**STRAUMRÁS** hf.





*Gledileg jól og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.*

**FINNUR EHF**  
VERKTAKAR - VÉLALÉIGA